



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# **Stjórn málafræðideild**

**BA-ritgerð**

**Fyrirmyndarríki Bin Laden: Þróun hugmyndafræði og staða kvenna innan samfélagsýnar Al Qaeda samtakanna.**

**Hildigunnur Borga Gunnarsdóttir**

**Apríl 2010**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# **Stjórn málafræðideild**

**BA-ritgerð**

**Fyrirmyndarríki Bin Laden: Þróun hugmyndafræði og staða kvenna innan samfélagsýnar Al Qaeda samtakanna.**

**Hildigunnur Borga Gunnarsdóttir**

**Apríl 2010**

Leiðbeinandi: Magnús Þorkell Bernharðsson

Nemandi: Hildigunnur Borga Gunnarsdóttir

Kennitala: 220483-5179



## Ágrip

Ritgerðin einblínir á Al Qaeda hryðjuverkasamtökin, rakin er þróun hugmyndafræði samtakanna og sýn þeirra á réttindi kvenna. Rætt er um helsta hugmyndafræðing samtakanna, Osama Bin Laden, og hugmyndir hans um fyrirmyndarríkið. Auk þess eru helstu markmið Al Qaeda samtakanna skoðuð, hvernig þau starfa, ásamt uppbyggingu þeirra. Þá er einnig rætt um hvaða ógn stafí af samtökunum. Fram kemur að samtökin eru mjög vel skipulögð. Uppbygging þeirra er markviss og hugmyndafræðin höfðar til margra. Áhugavert er að skyggnast inn í framtíðarsýn Bin Laden. Þar er áberandi að hann vill koma á fót fyrirmyndarríki sem muni leysa af hólmi allt það óréttlæti sem múslimar hafa mætt í gegnum árin. Niðurstöður ritgerðarinnar sýna þó að fyrirmyndarríki Bin Laden yrði ekki réttlátt fyrir alla múslima. Verði það að veruleika mun það ekki stuðla að réttindum kvenna, þvert á móti myndi frelsi þeirra og réttindi skerðast.



# Efnisyfirlit

Ágrip .....	4
Inngangur .....	7
1. Islam, islamismi og hryðjuverk .....	8
1.1 Islam og islamismi .....	8
1.2 Hryðjuverk .....	9
2. Osama Bin Laden og hugmyndafræði Al Qaeda.....	10
2.1 Osama Bin Laden og upphaf Al Qaeda .....	10
2.2 Hugmyndafræði Al Qaeda .....	11
2.3 Al-Qaeda og Bandaríkin .....	13
2.4 Uppbygging og starfsemi Al Qaeda .....	16
2.5 „Ný-terrorismi“ .....	18
2.6 Gagnrýni á Al Qaeda .....	19
2.7 Ógnin .....	20
3. Markmið Al-Qaeda og Fyrirmyndarríki Bin Laden.....	21
3.1 Markmið Al Qaeda.....	22
3.2 Fyrirmyndarríki Bin Laden .....	23
4. Hvaða sýn hefur Al Qaeda á réttindi kvenna?.....	25
4.1 Islam og konur .....	25
4.2 Fyrirmyndarríki Bin Laden og réttindi kvenna .....	26
4.3 Konur og jihad .....	27
Niðurstöður .....	28
Heimildaskrá .....	30

## Inngangur

Í þessu verkefni eru hryðjuverkasamtökin Al Qaeda tekin til umfjöllunar. Reynt verður að varpa ljósi á hvort eftirfarandi staðhæfing á við rök að styðjast eður ei: „Al Qaeda samtökin hafa ákveðna samfélagssýn sem þau telja að byggist á réttlæti. Þegar betur er gáð að stöðu kvenna í fyrirmyndarríki Bin Laden er ljóst að þetta samfélag leitast ekki við að ná fram réttlæti fyrir alla þegna þess. Þvert á móti, tryggir það áfram karlaveldis-hugmyndir Kóransins“. Til þess að komast að því verður leitast við að svara nokkrum spurningum: Hver er þróun hugmyndafræði Al Qaeda samtakanna? Hvernig er fyrirmyndarríki Osama Bin Laden? Hver er sýn samtakanna á réttindi kvenna? Til þess að átta sig á þróun hugmyndafræði samtakanna verður komið víða við. Rætt verður um Osama Bin Laden sem er maðurinn á bakvið samtökin og einn helsti hugmyndafræðingur þeirra. Reynt verður að varpa ljósi á hver markmið Al Qaeda samtakanna eru, afstaða þeirra til vestrænna ríkja verður skoðuð og hugað að uppbyggingu og starfsemi þeirra. Helsta gagnrýni á samtökin verður rakin í stuttu máli og fjallað lítillega um þá ógn sem af þeim stafar í heiminum í dag. Ennfremur verður sérstaklega vikið að sýn samtakanna á stöðu og réttindi kvenna. Til þess að setja viðfangsefnið í samhengi verður byrjað á því að fjalla almennt um islam og um islamisma, auk þess að ræða um hryðjuverk almennt. Þetta skapar grundvöll fyrir leit að svörum við þeim meginspurningum sem nefndar eru hér að ofan og að staðsetningu Al Qaeda samtakanna innan islam.

Ástæða þess að þetta viðfangsefni varð fyrir valinu er vegna áhuga míns á hugmyndum róttækra islamista. Ég tel þekkingu fólks á Íslandi og í fleiri vestrænum ríkjum ekki fullnægjandi til að menn skilji forsendur samtaka eins og Al Qaeda. Það er mikilvægara nú heldur en nokkurn tímann áður að fræðast um þessi samtök því þau geta verið mikil ógn við öryggi í heiminum í dag. Þekking á hugmyndafræði samtakanna er mikilvæg og getur skapað grundvöll fyrir að stöðva þau. Það er einnig nauðsynlegt að kunna skil á því fyrirmyndarsamfélagi sem Bin Laden vill koma á í hinum islamska heimi, því þegar við þekkjum raunveruleg markmið samtaka eins og Al Qaeda erum við betur í stakk búin til að vita hvernig eigi að sporna við aðgerðum þeirra. Mér fannst einkar mikilvægt að skoða stöðu kvenna í þessu tilliti og vildi reyna að komast að því hvernig aðstæður og réttindi kvenna yrðu í því fyrirmyndarsamfélagi sem Bin Laden sér fyrir sér. Einnig er tilgangur verkefnisins að skyggjast inn í líf Bin Laden og átta sig á bakgrunni hans, skoða þróun hugmyndafræði hans og Al Qaeda samtakanna og hvernig þeir réttlæta aðgerðir sínar. Mikilvægt er að átta sig á því



hverjar forsendur þeirra eru. Sú mynd sem fjölmiðlar draga upp af islamistum er oft yfirborðskennd og gefur ekki nógu skýra mynd af því hvaða ástæður eru fyrir aðgerðum þeirra. Eins og Bin Laden segir sjálfur eru þeir ekki að framkvæma aðgerðir sínar án ástæðu. Þeir eru að hefna sín á aðgerðum Bandaríkjanna og fleiri vestrænna ríkja í Mið-Austurlöndum.

## **1. Islam, islamismi og hryðjuverk**

### **1.1 Islam og islamismi**

Á síðast liðnum árum hefur islam orðið sýnilegra afl í hinum vestræna heimi og nú er islam önnur eða þriðju stærstu trúarbrögðin í Evrópu og í Bandaríkjunum. Í dag er islam því ekki einungis áberandi í borgum eins og til dæmis Kairó, Bagdad og Kuala Lumpur, heldur einnig í borgum eins og London, París, New York, Kaupmannahöfn og jafnvel Reykjavík (Esposito, Fasching, Lewis, 2006). Eftir árásina á World Trade Center eru flestir Vesturlandabúar meðvitaðir um róttæka múslima og þá ógn sem stafar af öfgahópum sem drepa í nafni trúarinnar. Margir hafa því leitt hugann að hag vestrænna ríkja og hvort þeim standi ógn af vaxandi útbreiðslu islam í Evrópu og Bandaríkjunum. Í því sambandi hefur hugtakið islamismi komið við sögu. Með islamisma er átt við róttækan eða pólitískan skilning á islam sem hefur færst í aukana á liðnum árum, bæði í hinum hefðbundna múslimaheimi sem og í Evrópu þar sem hann hefur numið land með vaxandi hraða. En islamismi er umdeilt hugtak og skilgreiningin á því er breytileg. Islamistar leggja áherslu á að í nútímaþjóðfélagi skuli byggt á „sharia“, sem eru islömsk lög byggð á forskriftum í Kóraninum ásamt fleiru úr arfleifð islams. Þeir vilja jafnframt losna við vestræn áhrif í íslamska heiminum. Islamismi getur verið allt frá umbótasinnum, sem vilja breytingar í kosningakerfinu, til róttækra islamista sem eru á móti lýðræði og nota ofbeldi til að ná sínu fram (Fuller, 2003).

Eins og áður kom fram þá er notkun á orðinu islamismi mjög umdeild. Þeir sem eru stimplaðir islamistar eru oftast en ekki á móti hugtakinu og telja að þeir séu einfaldlega múslimar sem vilji lifa eftir islömskum lögum (Juergensmeyer, 2003).

## 1.2 Hryðjuverk

Það er algengur misskilningur að telja alla múslima vera öfgakennda hryðjuverkamenn sem réttlæta dráp með tilvísunum í Kóraninn. Það er í rauninni bara lítil hluti af múslimum, svo kallaðir öfga múslimar eða róttækir islamistar, sem beita Kóraninum sér í hag þannig að þeir geti réttlætt óverknað eins og hryðjuverk. Þetta eru menn eins og Osama Bin Laden og skipulagði hryðjuverkahópurinn Al Qaeda. Þessir öfgakenndu múslimahópar eru orðnir ógn við alla heimsbyggðina (Esposito, Fasching, Lewis, 2006). Al Qaeda samtökin hafa verið bendluð við mjög alvarlegar hryðjuverkaárásir eins og World Trade Center árásina 1993, bílasprengjuna við amerísku sendiráðin í Kenya og Tanzaníu 1998, World Trade Center árásina 2001, sprengingar á næturklúbbi á Balí 2002, og svona mætti lengi telja. Þetta eru bara nokkrar af þeim mörgu árásum sem þessi skipulögðu hryðjuverkasmötök hafa verið bendluð við (Hayes, Brunner, Rowen, 2007). Hugsjónir Osama Bin Laden virðast höfða til allmarga múslima, þar sem hann hefur gagngrýnt harkalega utanríkisstefnu Bandaríkjanna gagnvart múslimaríkjunum (Esposito, Fasching, Lewis, 2006).

Osama Bin Laden og aðrir hryðjuverkamenn hafa eins og áður sagði „túlkað“ Kóraninn sér í hag þannig að þeir geti réttlætt verknað sinn. Þeir hafa breytt boðskapnum um að verja islam og múslima, og í rauninni „rænt“ islamska hugtakinu jihad í tilraun sinni til að gefa ofbeldis verknaði sínum lögmæti (Esposito, Fasching, Lewis, 2006). Jihad er islamskt hugtak og felur í sér trúarlega skyldu múslima. Jihad þýðir barátta og hugtakið kemur oft fyrir í Kóraninum. Þar er oft talað um að múslimar eigi að „berjast fyrir Allah“. John Esposito, sem er mjög vel kunnur í Mið-Austurlandafræðum, segir að jihad merki að múslimar berjast fyrir því að betra sjálfa sig eða þjóðfélagið. Jihad er sem sagt barátta í þá veru að fylgja vegum Guðs til að lifa siðferðilegu lífi og efla félagslegt réttlæti. Þetta algenga islamska hugtak hefur verið notað af hryðjuverkamönnum til að réttlæta illan verknað þeirra og einnig til að fá fleiri nýliða í skipulögð hryðjuverkasmötök. Þeir telja sín verk vera jihad (Esposito, Fasching, Lewis, 2006). Bin Laden og aðrir hryðjuverkamenn fara út fyrir hefðbundinn islamskan mælikvarða á jihad og viðurkenna engin takmörk nema sín eigin. Þeir hafna þeim kenningum í islömskum lögum sem snerta markmið fullgilds jihad: Að saklausir borgarar eigi ekki að vera skotmark og að jihad geti bara verið lýst yfir af stjórnanda eða ráðamanni ríkis. Í dag réttlæta öfgakenndir islamistar óhelg stríð í nafni islam með því að horfa framhjá þeim

skilyrðum í Kóraninum að leyfi fyrir jihad þurfi að koma frá stjórnanda þjóðarinnar (Esposito, Fasching, Lewis, 2006). Þó svo að Bin Laden og Al Qaeda njóta stuðnings mikils minnihluta múslima og trúarleiðtoga meðal þeirra þá hafa flestir islamskir fræðimenn og trúarleiðtogar víðs vegar um hinn islamska heim gefið út opinbera yfirlýsingu á móti Bin Laden og hugsjónum hans. Islam býður uppá mjög skýrar reglur og siðferðisgildi sem bannar dráp á óbreyttum borgurum, konum, börnum og gamalmönnum (Esposito, Fasching, Lewis, 2006). En Bin Laden og hans menn halda sinni stefnu ótrauðir áfram og segja að þeir séu hermenn Guðs í heilögu stríði við óvininn, sem eru þá Bandaríkin og þeirra bandamenn.

## **2. Osama Bin Laden og hugmyndafræði Al Qaeda**

Til að átta sig á þróun hugmyndafræði Al Qaeda þarf að huga að ýmsum þáttum. Mikilvægt er að fjalla um Osama Bin Laden og skoða bakgrunn hans því hann er maðurinn á bakvið Al Qaeda samtökin. Einnig er nauðsynlegt að rekja hvernig samtökin hafa mótast, það er að segja hvernig þau urðu til og hvernig þau hafa þróast síðan þá. Þá er gott að líta á uppbyggingu samtakanna og hvernig þau starfa. Einnig skiptir máli að skoða afstöðu Al Qaeda samtakanna til annara ríkja, einkum vestrænna ríkja, og hvar hægt sé að staðsetja samtökin meðal hryðjuverkasmataka. Þá skiptir gagnrýni sem sett hefur verið fram á Al Qaeda samtökin einnig máli í þessu sambandi og hvaða ógn þau eru við alþjóðaöryggi í heiminum. Þetta eru allt þættir sem skoðaðir verða í þessum kafla og þeir munu hjálpa til við að skilja hugmyndafræði Al Qaeda.

### **2.1 Osama Bin Laden og upphaf Al Qaeda**

Osama Bin Laden hefur verið kallaður ýmsum nöfnum, svo sem bókstafstrúarmaður, öfgasinni, hryðjuverkamaður og fleira. Sérstaða hans felst þó í því að hann er fyrst og fremst ritdeilumaður. Þær mörgu yfirlýsingar sem hann hefur komið með eru nær allar settar fram sem rökræður við alvöru eða ímyndaða andstæðinga. Ritdeilurökin eru fyrst og fremst herkænsku tal um sigur. En fyrir utan það að vera skipuleggjandi og ritdeilumaður, er Bin Laden hetja. Íbúum í vestrænum ríkjum þykir hann vera andlit hins illa, en milljónir múslima um allan heim sjá hann sem hetju. Meira að segja múslimar sem trúá ekki á hryðjuverk sjá

hetju í honum. Það sem heillar marga er orðsperið sem af honum fer sem virðingarmikill og hugrakkur maður sem eyðir lífi sínu í að verja islam (Lawrence, 2005). En hann er samt sem áður hryðjuverkamaður og hefur lagt mikið í það sem hann vill áorka. En hver er þessi maður og hvað hefur haft áhrif á og mótað hugmyndir hans og stefnu?

Osama Bin Laden er fæddur 1957 í Saudi Arabíu. Hann er eitt 54 barna sem faðir hans átti. Hann fór ungur í háskóla þar sem hann lærði meðal annars viðskiptafræði og islömsk fræði. Abdullah Azzam var einn af kennurum hans en þeir áttu eftir að eiga samleið síðar á lífsleiðinni. Bin Laden mótaðist mikið á þessum menntaárum. Hann varð síðan farsæll viðskiptamaður og á unga aldri var hann orðinn vel efnaður. Árið 1978 komst kommúnistastjórn til valda í Afganistan sem olli því að út braust stríð í landinu. Sovétríkin réðust inn í landið 1979 til að styðja kommúnistastjórnina (Kepel, 2008). Það stríð stóð yfir í 10 ár. Al Qaeda samtökin mótuðust í þessu stríði. Seinustu ár 9. áratugarins áður en Sovétríkin hörfuðu sigraðir frá Afganistan, var Al Qaeda að verða til. Áður nefndur Abdullah Azzam var upphafsmaður samtakanna. Hann vildi búa til samtök með hópi stríðsmanna sem eru tilbúnir til að berjast fyrir islam hvar og hvenær sem er. Hann sá fyrir sér samtök sem myndu sameina undirokaða múslima um allan heim og hvetja þá til að berjast saman fyrir málstað islam (Gunaratna, 2005). Azzam átti mikilvægan þátt í því að móta sýn Osama Bin Laden og sannfærði hann um að í stríðinu í Afganistan hefði hann fundið köllun sína. Þetta væri það sem hann átti að eyða ævi sinni í, að berjast fyrir múslima og sigra alla óvini islam (Mandaville, 2007).

Í upphafi ætlaði Azzam ekki að skipuleggja Al Qaeda sem alþjóðleg hryðjuverkasmötök. Hann var á móti því að drepa óbreytta borgara og hann myndi líklega ekki styðja samtökin eins og þau eru í dag. Þó að Azzam hafi verið upprunalegur hugmyndasmiður Al Qaeda, þá tók Bin Laden smám saman stjórnina á samtökunum. Þegar liða tók að lokum átakanna við Sovétríkin þá tók skugga að bera á samstarf Bin Laden og Azzam og að lokum skildu leiðir þeirra. Azzam var svo myrtur árið 1989 (Gunaratna, R., 2005).

## 2.2 Hugmyndafræði Al Qaeda

Eftir hvarf Azzam úr samtökunum myndaðist hugmyndafræðilegt tóm í Al Qaeda en sá sem fyllti það tóm var Dr. Ayman al-Zawahiri. Hann gjörbreytti bæði Bin Laden og Al Qaeda samtökunum. Áður en Zawahiri gekk til liðs við Al Qaeda var hann þegar orðinn

hryðjuverkamaður. Hann var heilinn á bakvið al-Jihad al-Islami sem voru hryðjuverkasamtök í Egyptalandi. Undir hans leiðsögn breyttist hugmyndafræði Al Qaeda þannig að mikill vilji var til að fara í stríð við hvern þann sem álitinn var ógn við islam. Þessi nýja hugmyndafræði róttæks jihad-isma hefur verið kennd við hugsuðinn og sunni múslimann Sayyid Qutb. Hann var Egypskur og var uppi um miðja 20. öldina. Hann hélt því fram að vestræn menning væri óvinur islam og predikaði að „jihad til varnar“ ætti ekki aðeins að vera framkvæmt til að verja islam, heldur einnig til að hreinsa islam af öllum ó-islömskum áhrifum (Gunaratna, 2005). Þetta viðhorf er mjög sjáanlegt í hugmyndafræði Al Qaeda. Bin Laden er mikið í nöp við Bandaríkin og hann hefur sagt að þau hafi gefið út stríðsyfirlýsingu gegn Guði, hans sendiboða og múslimum, með stefnu sinni og gerðum í hinum islamska heimi. Til að ná til þeirra múslima sem voru reiðir vegna kúgunar og ranglætis af hálfu Bandaríkjanna eða Vesturlanda almennt, fóru Al Qaeda samtökin að tala um að með jihad í nafni Guðs væru þeir að losa múslima þjóðirnar undan óréttlæti og öðlast frelsi. Þeir væru líka að refska þeim sem hefðu beitt samfélag múslima ranglæti (Gunaratna, 2005).

Al Qaeda samtökin náðu til margra með þessum boðskap, því margir múslimar eru reiðir vegna þess mikla ranglætis sem þeir hafa mætt. Með því að leita til samtaka eins og Al Qaeda gafst þeim tækifæri til að fá útrás fyrir gremjuna og til að koma fram hefndum. Þegar Sovétríkin hörfuðu frá Afganistan 1989 þá voru Al Qaeda menn sannfærðir um að þeir geti sigrað hvaða óvin sem er, og þegar Sovétríkin falla þá snéru þeir sér að Vesturlöndunum og vilja sigra þau (Mandaville, 2007). Bin Laden hefur sagt í einni af yfirlýsingum sínum: „Allir menn okkar framtíðarsamfélags, lyftið jihad fánanum upp á móti Ameríku og þeirra bandamönnum því þeir hafa gert skaðlega hluti á heilögum stöðum islams“ (Lawrence, 2005, bls. 29). Af þessu má sjá að Al Qaeda menn eru tilbúnir til að heyja þessa baráttu og sigra óvini sína því þeir vilja fá sínu framgengt.

Bin Laden hefur einnig sagt: „Við trúum því að við séum menn, islamskir menn sem höfum skyldu til að verja mikilvægasta hús í heimi, hið heiðvirta Ka'ba“ (Lawrence, 2005, bls. 89). Ka'ba er helgasti staður Islam, þetta er kassalaga bygging sem er inni Masjid al-Haram moskunn í Mekka og pílgrímar ganga í kringum í pílgrímsferð sinni til borgarinnar. Bin Laden segir að markmið þeirra sé að starfa undir lögum Guðs og verja Ka'ba. Hann segir að þeir vilji frelsa lönd islam frá vantrú og koma á lögum Guðs í þessum löndum. Þegar þeir hitta Guð að lokum verður hann ánægður með verk þeirra. Í einni af yfirlýsingum sínum minnst Bin Laden á það sem Múhameð sagði: „Islam er höfuð kameldýrsins, bænin er líkami þess og jihad er toppurinn á kryppunni“ (Lawrence, 2005, bls. 90). Þetta þykir honum mikilvægt, og notar það í yfirlýsingu sinni til að benda á það sem er mikilvægast í lífi

múslima, það er að allir múslimar skuli framkvæma til að gefa orðum Guðs líf: „Þetta samfélag ykkar er eitt samfélag og ég er ykkar drottinn, þið skuluð þjóna mér“ (Lawrence, 2005, bls. 42). Að þessu vill Bin Laden keppa með samtökum sínum.

Mikilvægur þáttur í hugmyndafræði Al Qaeda er afstaða þeirra til vestrænna ríkja. Það virðist vera stór þáttur í hugmyndafræði samtakanna í dag að sigra aðal óvin islam sem eru Bandaríkin. Bin Laden talar mikið um Bandaríkjamenn, hann hefur sagt að þeir séu lygarar og kallar þá fleiri niðurlægjandi orðum. Hatur hans á þeim og gyðingum er áberandi í yfirlýsingum hans (Lawrence, 2005). Grunninn í hugmyndafræðinni má heyra af yfirlýsingu Bin Laden þegar hann talar um að þeirra skylda sé að hvetja samfélag múslima til að framkvæma jihad fyrir sakir Guðs gegn Bandaríkjunum og Ísrael og þeirra bandamönnum. (Lawrence, 2005). Markmið Al Qaeda er að losna við öll áhrif Bandaríkjamanna úr islömskum ríkjum. Mikilvægt er því að skilja afhverju Bandaríkin og bandamenn þeirra eru einn af aðal óvinum Al Qaeda.

### **2.3 Al Qaeda og Bandaríkin**

Af hverju eru Bandaríkin aðal skotmark Al Qaeda? Sú ákvörðun að einblína á Bandaríkin sem helsta óvin samtakanna átti sér stað í kringum 1993-1994. Ástæðurnar voru nokkrar. Bin Laden vildi gera það sama við Bandaríkin eins og kom fyrir Sovétríkin í stríðinu í Afganistan þegar þeir voru bugaðir í stríðinu 1989 og stórveldi þeirra féll í kjölfarið. Hann vildi fella Bandaríkin næst, eina ofurríkið sem eftir lifði þegar Sovétríkin liðu undir lok (Gerges, 2006). Stríðið í Afganistan skapaði og mótaði marga nýja einbeitta hermenn sem áttu sér eitt markmið, alheims-jihad. Þeir voru tilbúnir til að takast á við óvini islam nær og fjær og ótrúlega margir ungir metnaðarfullir menn höfðu bæst við hreyfinguna. Bin Laden hafði nú trú á því að þeir gætu sigrað hvaða óvin sem er. Á einni frægri myndbandsupptöku, sem hefur dreifst um heiminn, er sýnt frá því þegar Bin Laden er að tala við þessa nýju ungu ofurhuga sem hafa bæst í hans raðir. Þar heitir hann á alla múslima og biður þá að ganga til liðs við jihad hreyfinguna og berjast gegn óvinum Islam (Gerges, 2006).

Þeir Múslimar sem börðust við Sovétríkin í stríðinu í Afganistan eru í dag kallaðir Afgan-arabar, af því að þegar stríðið braust út, þá komu margir róttækir islamistar til Afganistan til að taka þátt í átökunum. Þeir komu alls staðar að frá islamska og araba heiminum. Þarna sameinuðust múslimar til að berjast fyrir málstað þeirra. Hugsjón þeirra beindist ekki að öllum heiminum á þessum tímamarki, því þeir voru ekki farnir að hugsa um alheims-jihad, en þetta lagði grunninn að þeirri þróun, því þarna gerðist það í fyrsta sinn í

aldaraðir að menn alls staðar úr heimi múslima komu saman til að berjast fyrir málstað islam (Mandaville, 2007). En Afgan-arabar voru ekki þeir einu sem vildu hagnast á þessu stríði. Bandaríkjamenn sáu þarna kjörið tækifæri fyrir sig. Þeir vildu losna við kommúnistana og með því að veita Afgönum aðstoð myndu þeir hjálpa þeim að vinna stríðið og stuðla þannig að því að stöðva útbreiðslu kommúnismans. Bandaríkjamenn veittu þjálfun og vopn til Afgananna. Þó það séu ekki neinar sannanir sem sýna fram á beina aðstoð Bandaríkjanna til Afgan-Arabanna, þá er margt sem bendir til þess. Bin Laden hefur alltaf þverneitað fyrir það að hafa nokkurn tímann þegið aðstoð frá Bandaríkjunum. En Afgan-Arabarnir voru mikilvægir í sigrinum á Sovétríkjunum og þar af leiðandi hjálpuðu þeir Bandaríkjunum að losna við stærsta óvin sinn. Eftir að stríðinu í Afganistan lauk þá var Al Qaeda formlega stofnað og í framhaldi af því varð þróunin sú að alheims-jihad varð að veruleika (Mandaville, 2007).

Önnur ástæða þess að Bin Laden og Al Qaeda fóru að líta á Bandaríkin sem helsta skotmark sitt var þegar Saddam Hussein réðst inn í Kuwait árið 1990 og Bin Laden fór beint til konungsfjölskyldunnar í Saudi Arabíu og bauð þeim aðstoð sína. Hann bauð þeim 100.000 menn, unga jihad hermenn sem voru tilbúnir til varnar í Kuwait með það markmið að hrekja Írakana burt. Yfirvöld í Saudi Arabíu neituðu tilboði hans vegna pressu frá Bandaríkjunum og þau samþykktu að fá ameríska hermenn til að verja borgina. Þarna varð ekki aftur snúið fyrir Bin Laden. Á þessum tímavarki fóru Bandaríkin á toppinn á óvinalista hans. Það er hægt að sjá gremju hans í myndbandsupptöku sem sýnir hann heita á alla múslima að berjast með sér. Í upptökunni sjást myndir af bandarískum hermönnum í Saudi Arabíu og einnig eru birtar myndir af valdamönnum í Bandaríkjunum og Saudi Arabíu í góðu samlæti. Bin Laden fyrirliður það að stjórnvöld í Saudi Arabíu skuli hafa leyft amerískum hermönnum að eiga aðsetur á hinu heilaga landi. Hann veltir því upp hvort múslimar hafi misst trúinna og spyr: hvað varð um „ummah“? (Gerges, 2006). Ummah er orð yfir samfélag múslima. Þetta eru spurningar sem hann veltir upp á þessari upptöku og reynir þannig að ná til múslima sem hafa svipaðar kenndir (Gerges, 2006).

Það var þannig í lok stríðsins í Afganistan sem Bin Laden og Zawahiri tóku jihad og beindu því að óvininum fjær, það er að segja Bandaríkjunum, í stað þess að beina því að óvininum nær eins og áður hafði tíðkast. Stríðið við Bandaríkin hefst fyrir alvöru árið 1998 þegar bandarísku sendiráðin í Kenýu og Tanzaníu eru sprengd upp. Þeir atburðir marka upphaf jihad stríðsins við Bandaríkin. Bin Laden og Al Qaeda óttuðust ekkert, þeir töldu sig geta sigrað þennan mikla óvin, rétt eins og þeir sigruðu Rússana. Bin Laden lét hafa eftir sér að með Guðs hjálp þá sigruðu þeir Sovétríkin og ef Guð gefur þá munu þeir einnig sigra

Bandaríkin. Hann sagði enn fremur að það yrði ekki erfiðara verkefni en sigur þeirra á Sovétríkjunum, þegar hann var spurður hvernig í ósköpunum Al Qaeda ætlaði að kollsteypa heimsveldi sem er eins öflugt og Bandaríkin. Osama Bin Laden sagði að það sé ekki Al Qaeda sem er að berjast við Bandaríkin heldur séu það allir múslimar. Hann sagði fólk hafa efast um hvernig þeir ætluðu sér að sigra Sovétríkin á sínum tíma, því þau voru einnig öflugt heimsveldi, en þeim tókst það með hjálp Guðs og þess vegna munu þeir einnig sigra Bandaríkin, því það er Guðs vilji (Lawrence, 2005).

Eftir árásina á bandarísku sendiráðin í Kenýu og Tanzaníu var Bin Laden orðinn heimsfrægur. Þremur árum seinna rændu Al Qaeda menn fjórum flugvélum í Bandaríkunum og í sjálfsmorðsárásum eyðilögðu þeir World Trade Center bygginguna í New York, ásamt því að skemma Pentagon, varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna, og drápu um 3000 manns. Það var ekki fyrr en árið 2004 sem Bin Laden viðurkenndi opinberlega að hann hafi staðið á bakvið þessar árásir, en fólk var búið að átta sig á því frá upphafi að það var hann se, átti hlut að máli (Lawrence, 2005).

Bush-stjórnin var ekki lengi að bregðast við þessu, mánuði seinna var aðgerðin „enduring freedom“ hafin og Bandaríkjamenn stóðu fyrir stærstu sprengjuárás sem hefur verið gerð síðan í seinni heimsstyrjöldinni. Bin Laden var aðal skotmarkið í þessari herferð en hann slapp, og er í felum. Mjög há peningverðlaun eru í boði fyrir þá sem gefa upplýsingar um staðsetningu Bin Laden en hann hefur samt sem áður ekki fundist. Sem flóttamaður einhvers staðar hefur Bin Laden látið frá sér fullt af skilaboðum til fólksins í Írak, til Evrópuþjóða og íbúa Bandaríkjanna (Lawrence, 2005).

Það sem er merkilegt við Al Qaeda samtökin er að þótt margir meðlimir þeirra hafi verið handteknir, drepnir og annað, þá lifa þau af, og er hugmyndafræðin líklega ástæðan fyrir því. Þetta er boðskapur sem liggur þeim á hjarta og ekkert mun stoppa þá í að koma honum á framfæri og berjast fyrir sínu. Segja má að Bin Laden sé eftirsóttasti glæpamaður í heimi. Bandaríkin hafa reynt að ná til hans í mörg ár og yfirvöld Saudi Arabíu hafa oft reynt að taka hann af lífi án árangurs. Magnús Þorkell Bernharðsson, sérfræðingur um málefni Mið-Austurlanda, bendir á í skrifum sínum að mikil áhersla hefur verið lögð á að ná forystumönnum Al Qaeda en gleymst hefur að huga að því sem er mikilvægara og það er hvernig er hægt að koma í veg fyrir að fleiri meðlimir bætist við hreyfinguna. Al Qaeda samtökin og hugmyndafræði þeirra er miklu meiri og víðtækari en þessar tilteknu persónur. Með því að ná Bin Laden eða Al-Zawahiri verður þar með ekki bundinn endi á Al Qaeda. Magnús talar um hversu lítið hefur verið gert til að veita hugmyndafræði samtakanna



andstöðu eða skapa andrúmsloft sem gerir þátttöku í álíka hópum óaðlaðandi (Magnús Þorkell Bernharðsson, 2003).

Árangursrík aðferð til að veikja Al Qaeda samtökin er að einblýna á hugmyndafræði þeirra (Gunaratna, 2005). Þessvegna er mikilvægt að kynna sér hana og reyna að skilja af hverju menn framkvæma hryðjuverk, á hvaða forsendum þeir gera það og hver markmið þeirra eru. Skilningur á því getur stuðlað að því að leiðir finnist til að hamla frekari útbreiðslu þessara hugsjóna og þannig veikt áhrif samtakanna. Auðvitað eru meðlimir samtakanna ekki vitfirrtir menn sem drepa saklaust fólk til einskis. Þeim liggur svo á hjarta að fá sínu framgengt að þeir telja að þau líf sem þeir taka ekki eins mikilvæg og markmiðin sem þeir keppa að. Þeir vilja líka sýna með ódæðisverkum sínum að þeim er alvara. Þeir nota þau til að stöðva Bandaríkin og bandamenn þeirra og vilja fá þau til að draga herlið sín til baka frá Mið-Austurlöndum. Forsvarsmenn samtaka eins og Al Qaeda eru oft bráðgáfaðir menn sem eru að berjast fyrir réttlæti fyrir sitt fólk og telja að sér og sínum hafi of lengi verið sýnt hræðilegt ofbeldi og óréttlæti og þeir hætta ekki fyrr en þeir koma í veg fyrir það. Það er því þeirra ósk að Vesturlandþjóðir láti lönd þeirra afskiptalaus. Af þessu má leiða að það er grundvöllur fyrir þeirri gremju sem virðist eiga sér stað í hinum islamska heimi og nú skilur maður betur af hverju Bandaríkin eru einn helsti óvinur Al Qaeda. En það er einnig mikilvægt að skoða hvernig samtökin eru byggð upp og hvernig þau starfa því það getur hjálpað okkur enn betur til að skilja hugmyndafræði þeirra.

## **2.4 Uppbygging og starfsemi Al Qaeda**

Til að skyggast inn í og skilja hugmyndafræði Al Qaeda samtakanna er gagnlegt að skoða uppbyggingu þeirra, því oft mótast uppbygging samtaka af hugmyndafræði þeirra. Al Qaeda hefur byggt upp gríðarlegt alþjóðlegt net. Starfsemi þeirra er orðin mjög öflug og víðtæk og upplýsingar dreifast hratt um Netið. Talið er að um 10-20.000 manns séu tilbúnir til árása fyrir samtökin. Netið hefur reynst mjög gagnlegur vettvangur fyrir skipuleggjendur Al Qaeda. Þar er að finna mörg þúsund vefsíður sem dreifa hugmyndafræði Al Qaeda samtakanna um allan heim. Um 900 nýjar vefsíður skjóta upp kollinum á ári hverju. Samtökin hafa sett upp vefsíður sínar þannig að erfitt er að rekja slóð þeirra. Yfirvöld Saudí Arabíu telja að mikilvægt sé að nota Netið sem vopn í baráttunni við uppreisnarmenn sem eru í herferð gegn konungsfjölskyldunni þar í landi, sem nýtur stuðnings Bandaríkjastjórnar, en Al Qaeda og fleiri uppreisnarmenn vilja koma henni frá völdum (Hassan, 2007). Þetta er gott dæmi um

hversu skaðlegt Netið getur verið, það leyfir samtökum sem þessum að blómstra og upplýsingar dreifast mjög hratt á milli meðlima og það reynist mjög auðvelt fyrir samtökin að koma sínum boðskap á framfæri um allan heim um leið og erfitt er að stöðva þetta. Það er enginn betri staður til að stækka samtökin heldur en Netið. Þess vegna má segja að hnattvæðingin hafi leikið stórt hlutverk í stofnun og ört stækkandi samtökum Al Qaeda því án hennar væri ekki eins auðvelt fyrir samtökin að dreifa boðskap sínum og halda uppi vefsíðum (Mandaville, 2007).

Al Qaeda eru gríðarlega öflug samtök og það er ótrúlegt hvernig tekist hefur að halda samtökunum starfandi án þess að þau hafi verið stöðvuð, og þau fara sífellt stækkandi. Bin Laden sér um að fjármagna samtökin. Hann er mjög klókur í viðskiptum og var vel efnaður þegar hann stofnar þau. Hann virðist hafa fjárfest skynsamlega og margfaldaði þannig auðæfi sín svo hann ætti nóg til að halda samtökunum gangandi. Auk þess hafa samtökin í gegnum árin einnig reitt sig á fjárframlög frá ríkjum og einstaklingum og undanfarin ár hefur Bin Laden átt í samstarfi við mjög mikilvæga auðuga einstaklinga sem veita honum framlög og hefur það verið mikilvægur stuðningur til að halda samtökunum gangandi. Bin Laden hefur því tekist vel að fleyta samtökunum áfram, enda nýtir hann sér allar færar leiðir til þess (Mandaville, 2007).

Bin Laden byggði upp kerfisbundið alþjóðlegt net af pólitískum og fjárhagslegum samböndum, og svo að sjálfsögðu róttækum aðgerðarsinum. Þessir þættir eru samverkandi þrátt fyrir mismunandi hlutverk hvers og eins. Þetta net var skipulagt þannig að allir þessir samverkandi þættir stuðluðu að því að Al Qaeda væri virk og vel heppnuð starfsemi. Kerfið sem Bin Laden þróaði er bæði svo flókið og vel skipulagt þannig að það geti starfað óáreitt og jafnvel þótt það verði fyrir árás yrði það ekki lengi að jafna sig eftir slíkt. Kerfið er byggt á smá hópum eða litlum einingum. Í hverri einingu eru 2-15 meðlimir og flestar þeirra eru staðsettar á Vesturlöndum. Þeim er stjórnað af leiðtoga og er valdakeðjan í hópunum skipulögð lóðrétt. Þess vegna er valdið mest efst í keðjunni og vinnur sig niður. Allir nema efsti maður í keðjunni eiga sér yfirmann innan sinnar keðju (Mandaville, 2007). Þetta keðjumódel er mjög mikið notað af samtökum svipuðum Al Qaeda. Kosturinn við slíkt skipulag er að það virkar aðeins lóðrétt. Skorturinn á láréttum tengslum felur í sér að hver og einn veit bara hver yfirmaður sinn og undirmaður er, og veit oft ekki hverjir aðrir tilheyra keðjunni eða hvar þeir eru staðsettir.

Margir fræðimenn hafa bent á að best sé að skilja uppbyggingu og skipulag Al Qaeda samtakanna með því að bera þau saman við fyrirtæki. Djamchid Assadi og Britta Lorünser eru í þeirra hópi og telja að hægt sé að bera Al Qaeda saman við nútíma fyrirtæki. Með tilliti

til seiglu og sveigjanleika, uppbyggingu og samskiptahæfni þá er Al Qaeda ekki ósvipað vel heppnuðu fyrirtæki. Það sem Bin Laden hefur gert, er að útfæra fyrir Al Qaeda sömu árangursríku burðargrind og farsæl fyrirtæki hafa. Hann notar sömu rekstrarnálgun og margir framkvæmdarstjórar fyrirtækja hafa notað víðs vegar í iðnvæddum ríkjum. Bin Laden hefur einnig notað tæknina mikið til að vinna í uppbyggingu og starfsemi samtakanna. Hin mikla vinna sem hann hefur lagt í uppbyggingu þeirra hefur borgað sig því samtökin hafa stækkað á hverju ári. Talið er að Bin Laden noti bestu rekstraráætlun sem finnst til að stjórna samtökum sínum (Assadi, Lorünser, 2007). Hann virðist því hafa nýtt sér menntun sína og reynslu sem dugmikill verslunarmaður við uppbyggingu og skipulag samtakanna. Það getur því verið gagnlegt að bera Al Qaeda saman við fyrirtæki, því þó að þetta séu hryðjuverkasamtök, þá er uppbygging þeirra ekki ósvipuð og hjá venjulegu, vel heppnuðu fyrirtæki.

Snilld Bin Laden felst í því hve vel honum hefur tekist að skipuleggja samtökin og fjármagna þau. Auðvitað hjálpaði hnattvæðingin til og segja má að samtökin hafi orðið til á „réttum“ tíma. Bin Laden hefur einnig fundið leiðir til að flytja peninga milli bæja og jafnvel landa án þess að það hafi verið rakið. Hann hefur þróað svo flókið fjármagnskerfi að varla hafa slík kerfi sést annarstaðar (Mandaville, 2007). Það er því ljóst að það er meira spunið í Al Qaeda samtökin heldur en kannski margir gera sér grein fyrir. Þetta eru ótrúlega flókin samtök með gott og markvisst skipulag sem þjónar vel markmiðum þeirra. Þess vegna má segja að Al Qaeda sé í raun mikil ógn við vestræn ríki því erfitt getur reynst að stöðva samtök sem eru svo flókin og viðamikil.

## 2.5 „Ný-terrorismi“

Al Qaeda eru samtök sem eru einkennandi fyrir svo kallaðan „ný-terrorisma“ sem hefur skotið rótum nú á tímum. Hryðjuverkasamtök og aðgerðir þeirra hafa orðið grófari með tímanum og svo virðist sem þessi þróun sé að ná hámarki núna. Islömsk bókstafstrú hófst út frá byltingunni í Íran 1979 og einnig með innrás Sovétríkjanna í Afganistan sama ár. Margir telja að þetta sé upphafið að þessum svokallaða „ný-terrorisma“. Eftir fall Sovétríkjanna tók islamismi við af kommúnisma sem helsta ógnin við Bandaríkin því margir telja að islamskur terrorismi sé helsta ógn Bandaríkjanna í heiminum í dag (Butko, 2009). Mark Juergensmeyer er einn af fremstu fræðimönnum á þessu sviði og hann talar mikið um þennan nýja terrorisma. Hann segir að hryðjuverk í dag hafi færst í aukana og að þau séu mun skaðlegri og miklu banvænni en áður. Ný-terrorisminn er nefninlega í meira mæli af trúarlegum toga og margir

telja að það sé þessvegna sem hann hefur færst svona í aukanna, því nú er markmið hryðjuverkamanna að sigra eða drepa alla þá sem eru í óvinaríkjum þeirra og þá sem trúa ekki á þeirra Guð. Það virðist sem þeir hafa engin mörk lengur, þessi skipulögðu hryðjuverkasamtök eins og Al Qaeda vilja athygli, þau vilja deyða mikinn mannfjölda og vilja helst að öll heimsbyggðin verði vitni að því. Margir telja því að það versta eigi eftir að koma. Ýmsir fræðimenn telja að næsta augljósa skref fyrir skipulögð hryðjuverkasamtök séu efnavopn eða kjarnorkuvopn. Þá erum við að tala um ógn sem heimurinn hefur aldrei upplifað fyrr. Það yrði skelfileg þróun og myndi einfalda markmið hryðjuverkahópa mikið en það er ekki annað hægt en að vona að til þessa komi aldrei (Butko, 2009).

Áður fyrr var terrorismi öðruvísi, hryðjuverkamenn völdu fórnarlömb sín vandlega til að koma fram sínu sjónarmiði og sínum kröfum. Oft voru fórnarlömbin kóngar, drottningar, ráðherrar og aðrir lykilmenn í stjórnámálum. Þá snérust hryðjuverkin meira um pólitísk markmið en í dag virðist sem markmiðið sé að valda sem mestum skaða og koma þannig markmiðum sínum á framfæri (Butko, 2009). Það

er óhætt að segja að hvort sem við erum að tala um hryðjuverk áður fyrr eða nú á dögum, þá er takmark hryðjuverkamanna yfirleitt það sama þótt aðferðir þeirra séu ólíkar. Þeir vilja breyta pólitískum, efnahagslegum og félagslegum aðstæðum í umhverfi sínu. Þeir vilja gjörbreyta aðstæðum fyrir sig og sitt fólk og þeir trúu því að til að ná því markmiði verði þeir að beita ofbeldi (Butko, 2009).

## 2.6 Gagnrýni á Al Qaeda

Það eru margir islamskir jihad hugsuðir sem gagnrýna Bin Laden og Al Qaeda því aðferðir þeirra hafa verið svo grófar og almenningur heimfærir þær síðan oft yfir á jihad hreyfinguna. Þessir menn gagnrýna Al Qaeda því þeim finnst samtökin hafa gengið of langt og farið útfyrir mörkin (Mandaville, 2007). Það eru því margir gagnrýnendur á Al Qaeda innan jihad hreyfingarinnar, vegna þeirra aðferða sem þeir nota til að fá sínu framgengt, því þannig eru þeir í raun að koma óorði á alla róttæka islamista. Þegar Vesturlandabúar hugsa um hryðjuverk þá kemur Bin Laden í hug flestra og margir telja hann vera ímynd allra róttækra múslima. Sú er þó ekki raunin og langflestir múslimar eru á móti hryðjuverkum almennt og aðrir róttækir islamistar myndu aldrei ganga eins langt og Bin Laden og hans menn.

Kamal el-Said Habib er Egypskur maður og er vel þekktur í Mið-Austurlöndum því eitt sinn var hann einn fremsti hryðjuverkamaður sem fyrirfannst þar. Hann er fyrrverandi

leiðtogi hryðjuverkasamtaka í Egyptalandi sem meðal annars skipulögðu morðið á forseta Egyptalands, Anwar Sadat, sem lést árið 1981. Takmark þessara samtaka var að binda endi á þáverandi ríki Egyptalands og stofna nýtt ríki með Sharia lögin sem einu gildandi lögin. Kamal var lykilpersóna í þessari fyrstu kynslóð herskára islamskra hryðjuverkamanna sem áttu upphafið að „jihad“ á 8.áratugnum (Gerges, 2006). Kamal er ekki sami maður í dag og hann var þegar hann var leiðtogi hryðjuverkasamtaka og þegar hryðjuverk áttu hug hans allan og hann helgaði líf sitt þessari baráttu. Hann og hans kynslóð lærðu fljótt hvaða afleiðingar það hafði þegar menn reyndu að islam-væða samfélag með valdi. Miklu blóði var úthellt og Kamal og fleiri samstarfsmenn hans þurftu að eyða tugum ára í fangelsi. Kamal var í 10 ár í fangelsi í Egyptalandi fyrir ódæðisverk sín. Þessir menn fórnðu svo miklu fyrir málstaðinn en lærðu af reynslunni. Fangelsisdvölin var erfið fyrir þá og fjölskyldur þeirra og Kamal er breyttur maður eftir reynsluna. Hann og aðrir fyrrverandi stríðsmenn Guðs eins og jihadistar eru oft kallaðir eru breyttir menn í dag. Þeir fóru nýjar leiðir til að ná markmiðum sínum, ekki með ofbeldi heldur með pólitískri sannfæringu og trúarlegri köllun. Þeir eru reynslunni ríkari og hafa lært af mistökum sínum. Kamal er í dag fyrirmynd margra ungra múslima (Gerges, 2006).

Í dag virðast menn eins og Osama Bin Laden og hans samstarfsmenn og fylgjendur ekki hugsa sinn gang og breyta aðferðum sínum þrátt fyrir þessar miklu blóðsúthellingar sem hafa átt sér stað. Þeim virðist vera sama þótt þeir deyji eða dvelji í fangelsi, það er ekkert sem stoppar þá. Kamal og hans félagar eru hluti af fyrstu kynslóð af hryðjuverkasamtökum en Al Qaeda er aftur á móti gott dæmi um slík samtök í dag og hvernig þau hafa þróast á síðustu áratugum (Gerges, 2006).

## 2.7 Ógnin

Al Qaeda er mikil ógn við vestræn ríki, sér í lagi Bandaríkin og ekki síst ógn við alþjóðaöryggi almennt. Þessi samtök eru ört stækkandi og það má ekki aðeins rekja til þess hversu vel skipulögð þau eru heldur einnig til þess að hugmyndafræði þeirra er sterk og aðlaðandi fyrir marga. Markmið hreyfingarinnar er að hvetja múslima allstaðar til að ráðast gegn þeim sem þeir telja vera óvini islam. Þó svo að meirihluti múslima um allan heim styðji ekki Al Qaeda eru samtökin stöðugt að reyna að endurvekja alheims „jihad“ byltinguna með því að nýta sér þá miklu þjáningu, gremju og reiði sem fyrirfinnst í hinum islamska heimi og snúa því gegn Bandaríkjunum og bandamönnum þeirra. Þessi hugmyndafræðilega herferð

hefur skilað samtökunum árangri því margt nýtt fólk frá Asíu, Afríku og Mið-Austurlöndum hefur bæst við hreyfinguna (Gunaratna 2005).

Óhætt er að segja að veröldin sé ekki sú sama eftir World Trade Center árásina árið 2001 og þetta var að sjálfsögðu skelfilegur atburður sem múslimar ekki síður en aðrir heimsborgarar syrgja. Það voru auðvitað margir múslimar á meðal þeirra 3000 sem létust í þessari árás og langflestir múslimar styðja ekki hryðjuverk og finnst því þessi atburður hrottalegur (Fuller, 2004). Margir vonuðu þó að þessi atburður ætti að vekja upp þá löngun Bandaríkjamanna að endurskoða stefnu þeirra í Mið-Austurlöndum en það hefur verið lítið um breytingar í utanríkisstefnu Bandaríkjanna eftir árásirnar 2001. Bush hóf svokallað stríð gegn hryðjuverkum eftir árásirnar 2001 og það sem er sorglegt við það er að ástandið versnaði því mörgum múslimum fannst stríðið gegn hryðjuverkum vera stríð gegn islam þó svo að Gorge Bush hafi margoft sagt það vera þvert á móti (Fuller, 2004). En bilið milli hins islamska heims og hins vestræna breikkar bara enn meir, þessir róttæku islamistar gera einnig öðrum friðsömum múslimum erfitt fyrir. Því með ofbeldisverkum sínum, sem auðvitað öll komast á forsíður blaða um allan heim, eru þeir að búa til ranghugmyndir um islam sem margir halda að séu réttar. Mörgum þykir ótrúlegt að heyra að islam þýðir friður og múslimar segja margir að islam sé trú friðar, en því miður þá eru ekki margir í hinum vestræna heimi sem sjá hlutina þannig (Fuller, 2004).

Eftir að hafa skoðað megin viðfangsefni kaflans og svarað spurningum hans, þá er óhætt að segja að mikilvægt var að skoða alla þessa þætti til að skyggjast djúpt í rætur Al Qaeda samtakanna. Í kjölfarið hefur maður dýpri skilning á hugmyndafræði Bin Laden og Al Qaeda. Einnig er mjög gagnlegt að hafa skoðað upptök samtakanna, hvernig þau starfa og hvernig þau eru uppbyggð því þá er hægt að átta sig á því hvernig fyrirbæri þetta er í raun og veru. Í dag er nauðsynlegt að þekkja samtök sem þessi, ekki er nóg að vita hverjar aðgerðir þeirra eru, heldur er mikilvægast að vita hver hugmyndafræðin á bakvið þau eru því það stafar mikil ógn af Al Qaeda í heiminum í dag.

### **3. Markmið Al-Qaeda og Fyrirmyndarríki Bin Laden**

Hver eru markmið Al Qaeda og hver er framtíðarsýn Bin Laden? Hvernig er fyrirmyndarríkið sem hann dreymir um? Hann segist vera í stríði til að hjálpa múslimum um allan heim til að öðlast betra líf. Mun fyrirmyndarríki hans veita öllum múslimum betra líf?

### 3.1 Markmið Al Qaeda

Það sem hvetur Al Qaeda er ekki valdafíkn, auður eða frægð heldur er það hugmyndafræðileg trú á hreinsun islam í gegnum baráttu þar sem ofbeldi er beitt. Meðlimir samtakanna trúa því að Guð verndi og verðlauni þá sem fórna sér fyrir heilagan málstað. Mennirnir sem fórnðu sér 11. september 2001 voru meira en fúsir til að fórna lífi sínu, enginn af þeim efaðist. Því eins og Bin Laden benti á í einni af yfirlýsingum sínum: Guð sagði við sendiboða sinn „ég mun ekki láta verk þeirra sem deyja fyrir minn málstað vera merkingarlaus“. Guð hefur sérstakan stað á himnaríki fyrir heilaga stríðsmenn (Lawrence, 2005, bls. 29).

Meginmarkmið Al Qaeda í dag er að Bandaríkin dragi herlið sín til baka úr öllum löndunum í islamska heiminum. Markmið samtakanna eru að þeir vilja losna við öll Bandarísk áhrif úr samfélögum múslima. Þeir vilja einnig kollsteypa Ísrael, en þeir eru aðrir fjandmenn Al Qaeda því þeir hafa misþyrmt Palestínu í mörg ár. Bin Laden og Al Qaeda vilja einnig koma frá völdum þeim leiðtogum í islömskum ríkjum sem eru í samstarfi við Vesturlönd, eins og yfirvöld í Saudí Arabíu (Hayes, Brunner, Rowen, 2007). Bin Laden sagði sjálfur í einni af yfirlýsingum sínum að hann hafi svarið sér og Guði þess eið að Bandaríkjamenn muni ekki geta dreymt um öryggi fyrr en öryggi er veruleiki í Palestínu. Hann segir að jihad sé núna skylda allra múslima svo að bræður þeirra í Palestínu hætta að þurfa að þjást. Hann talar um að sitt fólk sé í þjáningum í Palestínu, Írak, Líbanon, Súdan, Sómalíu, Fillipseyjum og víðar í heiminum og þessvegna séu hann og hans menn að berjast og þeir munu ekki gefast upp fyrr en þessar aðstæður hafa breyst (Lawrence, 2005). Markmið hans er að Bandaríkin hörfi með herlið sín frá öllum löndum í islamska heiminum. Bin Laden segir einnig að það sé rangt að kalla sig og sína menn hryðjuverkamenn því þeir séu bara að svara fyrir sig, þeir séu að hefna sín á Bandaríkjunum því þeir og þeirra bandamenn hafi beitt múslima óréttlæti svo lengi. Þá sagði enginn orð þótt saklaust fólk hafi dáið í marga áratugi en nú þegar múslimar hefna og berjast þá eru þeir kallaðir hryðjuverkamenn. Hann útskýrir að hann sé að berjast til að verja islamska bræður sína og helga staði múslima. Bin Laden spyr: „Af hverju er ykkar blóð talið alvöru blóð en okkar blóð talið sem vatn?“ (Lawrence, 2005, bls. 234) Hann segir þetta í yfirlýsingu sem hann kallar: Til fólksins í Evrópu. Hryðjuverkin eru svar hans við því sem hann lýsir sem enn hræðilegri aðgerðum vestrænna þjóða gegn múslimaríkjum í gegnum söguna. Í Mið-Austurlöndum geta fáir gleymt því mikla mannfalli sem átt hefur sér stað í aldirum út af yfirráðum vestrænna ríkja. Bin Laden bendir á að vestrænar þjóðir hafa myrt miklu fleira fólk í Mið-Austurlöndum í gegnum tíðina heldur en hann og hans samtök hafi gert. Hann varar vestrlandabúa við og segir: Þar sem þið hafið

drepið, þá verðum við að drepa. Saklaust fólk í ykkar ríkjum er ekki mikilvægara en saklaust fólk í okkar ríkjum (Lawrence, 2005). Þó að það sé aldrei hægt að réttlæta þau dráp á því saklausu fólki sem Bin Laden hefur staðið fyrir, þá er kannski hægt að skilja aðeins betur ástæður hans þegar við skoðum það sem vestrænar þjóðir hafa gert í Mið-Austurlöndum í gegnum tíðina .

### 3.2 Fyrirmyndarríki Bin Laden

Annar af forsprökkum Al Qaeda samtakanna, Ayman al-Zawahiri, gerði öllum það ljóst í bók sinni "Knights Under the Prophet's Banner", sem hann skrifaði skömmu eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 2001, að mikilvægt skammtíma markmið Al Qaeda væri að ná stjórninni á einhverju ríki í islamska heiminum. Þannig yrði auðveldara fyrir þá að vinna gegn óvinum islam. Hann segir að slíkt jihad ríki myndi gera þeim kleift að halda úti árásum á Vesturlönd (Bergen, 2006). Þetta er skammtíma markmið Al Qaeda en langtíma markmið Bin Laden er að stofna heimsveldi og sameina öll islömsk ríki undir eina stjórn. Fyrirmyndarsamfélag Bin Laden felst í því að hann vill sameina alla múslima og stofna islamska þjóð sem fylgir lögum Kóransins. Þessvegna segir hann að skylda allra múslima um allan heim sé að efna til heilags stríðs gegn Bandaríkjunum og gyðingum. Bin Laden segir að það sé nauðsynlegt svo sýn hans verði að veruleika. Hann gekk jafnvel svo langt að láta hafa eftir sér að þeir múslimar sem gera þetta ekki hafi yfirgefið trú sína (Hayes, Brunner, Rowen, 2007). Heimur múslima hefur í gegnum árin verið sundraður og veikburða og utanaðkomandi öfl ætíð átt þátt í því að svona hefur farið. Þessvegna er draumur Bin Laden og Al Qaeda að sameina múslimaheiminn, þeir vilja koma valdamönnum í þessum ríkjum frá völdum og sameina þau í eitt stórt ríki undir einni stjórn og með Kóraninn sem einu lögin (Cole, 2004). En Zawahiri hefur slæma reynslu af þessu, því hann og hans fyrrverandi hryðjuverkasamtök al-Jihad al-Islami reyndu oft og lengi að koma valdamönnum í Egyptalandi frá en það tókst ekki. Zawahiri taldi að það væri útaf stuðningi Bandaríkjanna við Egypaska ríkið. Árásin á Bandaríkin 11.september 2001 var tilraun Al Qaeda til að veikja Bandaríkin svo þau myndu hörfa með lið sín burt úr islömskum löndum og þá væri auðveldara fyrir Al Qaeda að koma núverandi stjórn í þessum ríkjum frá völdum (Cole, 2004).

Fyrirmyndarríki Bin Laden er lausn hans til að bæta hag múslima, hann telur ríkið sem hann sér fyrir sér, vera réttlátt og að það muni taka við af öllu óréttlætinu sem múslimar hafa þurft að ganga í gegnum í áratugi. En er hans fyrirmyndarríki réttlátt fyrir alla? Ég tel að sú sé



ekki raunin, sérstaklega með tilliti til stöðu kvenna. Ríki sem gætu verið fyrirmynd að hinu islamska ríki Bin Laden eru þau ríki sem hafa gert sharia lög in að grundvelli alls stjórnarfars og réttarfars og eru því nokkurs konar islömsk alræðisríki. Peter Mandaville (2007) fjallar sérstaklega um þrjú ríki í þessu sambandi, þ.e. Pakistan, Saudi Arabíu og Íran.

Til að taka dæmi um ríki sem gæti svipað til þess fyrirmyndarríkis sem Bin Laden talar um þá væri Íran líklega líkast þeirri hugmynd sem Bin Laden hefur. Því Íran er eina ríkið af þessum þremur sem varð islamskt í kjölfar byltingar. Íranska ríkið eins og það er í dag var stofnað 1979 út frá byltingu sem átti sér stað þar í landi. Það voru íslamistar sem hófu þessa byltingu því þeir vildu að Íran yrði islamskt ríki þar sem lög og stefnur yrðu byggðar á Kóraninum og sharia lögnum. Ruhollah Khomeini var upphafsmaður byltingarinnar, hann var trúarlegur hugsuður sem hafði áhrif á milljónir múslima. Hann predikaði að þar sem öll lög koma frá Guði, þá ætti stjórn ríkis að innleiða shariah sem einu lög in og fjarlægja þau lög sem eru ekki í samræmi við shariah. Hann vildi að allt pólitískt vald væri í höndum trúarlegra leiðtoga (Mandaville, 2007). Khomeini talar um að islamskt ríki sé nauðsyn og að allir sannir múslimar hafa þá skyldu að koma frá völdum þeim öflum sem reyna í sífellu að koma í veg fyrir stofnun islamsks ríkis. Hann segir að til þess að sameina samfélag múslima og til að frelsa islömsk ríki frá hernámi vestrænna ríkja, sé það nauðsyn að stofnað sé islamskt ríki. Til að öðlast samheldni og frelsi múslima, þá verður að koma frá völdum þeim stjórnnum sem vestrænu heimsvaldarsinnarnir komu til valda í islömskum ríkjum og koma á réttlætu islömsku ríki sem mun þjóna fólkinu (Mandaville, 2007). Khomeini tókst ætlunarverk sitt því Íran er í dag islamskt ríki og hefur verið frá 1979. En það sem er mikilvægt að skoða er breytt staða fólksins í landinu eftir byltinguna. Árið 1980 þá varð Íran mjög lokað ríki og nýjar reglur fóru að myndast sem höfðu áhrif á daglegt líf fólks. Konur þurftu helst að þola þessar breytingar, en frá árinu 1983 varð skylda allra kvenna að bera slæðuna. Fjölskyldulög voru endurbætt til að leyfa fjölkvæni og einnig aðskilnað kynja á ætíð fleiri opinberum stöðum (Mandaville, 2007). Þetta gefur til kynna að þetta ríki sem Khomeini vildi stofna til að stuðla að frelsi og réttlæti fólksins er ekki réttlátt með tilliti til kvenna. Sama má segja um fyrirmyndarríki Bin Laden, þó að hans ríki sé ekki Íran, þá eru hans hugmyndir um fyrirmyndarríki ekki ósvipaðar og hugmyndir Khomeini. Íran er því gott dæmi um ríki sem byggir lög og stefnur í landinu á shariah lögnum, og það er það sem Bin Laden vill í sínu ríki. Því má leiða af þessu að fyrirmyndarríki Bin Laden yrði aldrei réttlátt fyrir konur.

## 4. Hvaða sýn hefur Al Qaeda á réttindi kvenna?

Til að komast að því hvort samfélagssýn Bin Laden og Al Qaeda sé eins réttlátt og þeir halda fram, þá er vert að skoða stöðu kvenna, líklegt er að Bin Laden sé ekki að bæta líf allra múslima eins og markmið er með þessu fyrirmyndarríki sem hann vill koma á. Því konur, sem eru stór hluti af múslimum, myndu að öllum líkindum búa við verri aðstæður.

### 4.1 Islam og konur

Islam óx innan menningar sem takmarkaði mjög réttindi kvenna. Þar sem menning Araba ríkti áður en islam kom til sögunnar er vitað til þess að mörg stúlkubörn sem fæddust voru myrt ef þau voru ekki velkomin og menn litu á eiginkonur sínar sem hverja aðra eign. Þær voru seldar og keyptar og menn áttu eins margar eiginkonur og þá langaði til. Ef maðurinn vildi skilnað þá sendi hann konuna burt og hún fékk ekkert sér til viðurværis (Malloy, 2005). Þessi bakgrunnur er mikilvægur til að við skiljum nýja andrúmsloftið sem Múhameð kom með fyrir konur. Múhameð, spámaður og sendiboði Allah, bannaði morð á börnum og takmarkaði fjölda eiginkvenna á hvern mann, svo lengi sem maðurinn gat komið eins fram við allar sínar eiginkonur og elskað þær allar jafn mikið hafði hann leyfi til að eignast allt að fjórar eiginkonur. Múhameð lagði til að karlar og konur væru jöfn hvað flest réttindi varðar og leyfði hann konum að sækja um skilnað rétt eins og körlum. En þrátt fyrir að Múhameð hafi reynt að hjálpa konum í þessum efnum þá viðheldur hefðbundin islömsk trú miklum félagslegum mun á milli karla og kvenna. Því eins og við sjáum þá mega karlar eiga allt að fjórar eiginkonur en konur mega einungis eiga einn eiginmann. Í kóraninum segir að bæði karlar og konur eigi að klæða sig hógværlega á almannaferi en þó mæla félagslegir siðir fyrir um að konur skuli fela allt hár sitt því það þyki einstaklega tælandi (Malloy, 2005). Þrátt fyrir að það standi ekkert um það í kóraninum að konur skuli einnig nota slæðu til að hylja andlit sitt þá hefur það samt sem áður orðið venja á einstaka islömskum svæðum eins og í Saudi-Arabíu. Þar mega konur heldur ekki sjást með öðrum mönnum en eiginmönnum sínum eða skyldmönnum og þær mega ekki aka bíl eða ferðast um á reiðhjólum (Helga Sverrisdóttir og Ulrika Anderson, 2002). Einnig segir í kóraninum að karlar hafi vald yfir konum af því að

Guð skapaði þá æðri konunum, og þar segir líka að góðar konur hlýði og þær konur sem ekki hlýða eigi að berja. Í samfélagi þar sem trúin er máttarstólpi alls gegnir Kóraninn lykilhlutverki og áhrif hans eru tvímælalaust gífurleg. Í Kóraninum segir meðal annars að karlar og konur séu fædd jafningjar en að þau þjóni sitthvoru hlutverkinu. Hlutverk karlmannsins eru margvísleg og það stendur í kóraninum að eitt af þeim sé að koma fram við eiginkonu sína af góðmennsku, og ekki valda henni sársauka eða sorg (The Islamic Tradition 1978). Samkvæmt Kóraninum ber karlmaðurinn alla fjárhagslega ábyrgð á herðum sér, hann skal vera fyrirvinnan meðan konan sér um heimilið. Þrátt fyrir að í Kóraninum megi finna ýmislegt jákvætt um stöðu kvenna þá er það ekki nóg til að veða upp á móti öllu því sem Kóraninn boðar sem skerðir réttindi þeirra. Islamskar konur munu því aldrei ná verðskulduðum réttindum á meðan farið er bókstaflega eftir hverju orði Kóransins. Osama Bin Laden, og aðrir islamistar sem eru í samtökunum Al Qaeda eru bókstafstrúarmenn. Bin Laden vill að í fyrirmyndarríkinu séu sharia löggin í gildi í samfélaginu og að þau séu einu gildandi löggin. Þess vegna má segja að sýn Bin Ladens og Al Qaeda sem þeir telja réttláta, sé kannski ekki svo réttlát þegar allt kemur til alls, allavega ekki þegar um réttindi kvenna er að ræða. Ef fyrirmyndarríki Bin Ladens verður að veruleika þá er það ekki mjög jákvætt fyrir islamskar konur.

## 4.2 Fyrirmyndarríki Bin Laden og réttindi kvenna

Bin Laden hefur sagt í yfirlýsingum sínum ýmislegt niðrandi um konur í vestrænum ríkjum og þá aðallega konur í Bandaríkjunum. Hann nefnir í yfirlýsingu kölluð „til Bandaríkjamanna“ að Bandaríkjamenn noti konur sem söluvöru, hann hneykslast á því að nota konur í því skyni og segir: „og svo segist þið styðja frelsi kvenna“ (Lawrence, 2005, bls.167-168). En ef fyrirmyndarríki Bin Laden yrði að veruleika yrði konum betur borgið í hans ríki? Það er ólíklegt, því samfélag sem byggir á shariah lögnum býður ekki upp á mikil réttindi fyrir konur. Við getum tekið sem dæmi aftur íranska ríkið eins og það er eftir byltinguna 1979, þar breyttist staða kvenna til muna eftir byltinguna, ásamt því að konur þurftu að hylja hár sitt með slæðunni samkvæmt lögum, þá breyttist ýmislegt annað. Lágmarksaldur til giftingar stúlkna var lækkaður í 9 ára, margar takmarkanir voru settar fyrir konur í sambandi við hjónaskilnað og umsjá barna, ásamt mörgu öðru sem skerti rétt kvenna. Khomeini upphafsmaður byltingarinnar í Íran hafði sína skoðun á réttindum kvenna, Þetta er algengt sjónarmið hjá mönnum eins og Khomeini, hámenntaðir islam hugsuðir, sem vilja islamskt

stjórnarfar. Þeir líta á hlutverk kvenna að eignast börn og að þær séu best settar heima við að sjá um börnin og heimilið (Kian, 1997). Þetta eru menn sem vilja íslamskt stjórnarfar eins og Bin Laden og þeir vilja að samfélagið sé byggt á shariah lögnum, og þessvegna yrði raunin sú að réttindi kvenna yrðu alls ekki mikil í fyrirmyndarsamfélagi Bin Laden. Ayman Al-Zawahri annar leiðtogi Al Qaeda samtakanna hefur líka sagt opinberlega sínar hugmyndir um hlutverk kvenna, hann sagði að hlutverk kvenna væri að sjá um heimilið og börnin (Fraye, Amer, Hadid, Karam, 2008).

### 4.3 Konur og jihad

Róttækar íslamskar konur eru ekki tilbúnar til að setta sig við það að Al Qaeda neitar að nota konur í sínum röðum. Ayman Al-Zawahri, sagði opinberlega að Al Qaeda vildi ekki hafa konur við störf innan þeirra. Þessi orð hans hafa vakið upp miklar deilur, margar konur vilja vera hryðjuverkamenn og ganga í samtökin. Þessar yfirlýsingar hans hafa einnig valdið undrun, því raunin er sú að konum sem framkvæma sjálfsmorðsárásir fer sífellt fjölgandi (Fraye, Amer, Hadid, Karam, 2008). Það er til dæmis algengt í hryðjuverkasamtökum í Írak og Palestínu, þar sem konur gegna mjög mikilvægu hlutverki í jihad. Þess vegna voru margar konur mjög vonsviknar að heyra það sem Al-Zawahri sagði. Al-Zawahri gaf yfirlýsingar sínar á upptöku sem birt var á Netinu, þar var hann að svara ýmsum spurningum fólks sem styður Al Qaeda. Hann hrósaði eiginkonum heilagra stríðsmanna eða Mujahedeen eins og þeir eru kallaðir sem taka þátt í heilögu stríði. Hann sagði einnig að eiginkonur mujahedeen þurfa að vera tilbúnar til að þjónusta mann sinn um hvað sem hann þarfnast. Hann varaði konur við að ferðast um stríðssvæði án verndar karlmanns. Al-Zawahri talar þar líklega útfrá eigin reynslu, hann missti fyrstu eiginkonu sína og tvö börn í loftárás Bandaríkjanna á borgina Kandahar í Afganistan árið 2001. Hann ásaði Bandaríkin um að beina skotum sínum viljandi að konum og börnum. Þessar vefupptökur eru gott dæmi um hvernig Al Qaeda menn nota Netid til að vera í sambandi við sína menn. En Netid hefur líka gefið konum tækifæri til að tjá sig, það gerir þeim kleift að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, því þær vilja líka berjast fyrir Guð og málstað islam (Fraye, Amer, Hadid, Karam, 2008).

## Niðurstöður

Al Qaeda samtökin eru vel uppbyggð og sterk samtök með metnaðarfullan leiðtoga í fararbroddi. Ýmislegt í sögu og bakgrunni leiðtogans, Osama Bin Laden, varpar ljósi á tilurð og þróun þessara samtaka. Það sama má segja um rætur þeirra í stríðinu gegn Sovétríkjunum í Afganistan á 9. áratug síðastliðinnar aldar. Þetta tvennt virðist mér hafa skapað grunninn að hugmyndafræði samtakanna ásamt andúðinni á Bandaríkjunum og öðrum vestrænum ríkjum vegna afskipta þeirra af málefnum Mið-Austurlanda. Eftir að hafa kynnt mér uppbyggingu samtakanna og markmið þeirra, hef ég komist að því að þetta eru mjög vel skipulögð samtök með skýr markmið að leiðarljósi. Hugmyndafræði þeirra virðist heilla marga múslima þannig að þau eiga ekki í erfiðleikum með að fá nýja menn í sínar raðir. Eins og komið hefur fram eru Al Qaeda samtökin ein mesta ógnin við alþjóðaöryggi í dag. Góð þekking á Al Qaeda er því mikilvæg og fólk vestrænum ríkjum ætti að kynna sér samtökin, hugmyndafræðina og markmið þeirra. Bandaríkin og fleiri vestræn ríki eru aðal skotmark Al Qaeda sem undirstrikar þörfina fyrir að kynna sér þessa ógn. Mér þykir einnig mjög mikilvægt að fólk kynni sér hugmyndafræði og sögu samtakanna til að átta sig forsendum Bin Laden og annara meðlima Al Qaeda fyrir aðgerðum sínum. Þótt þær séu mjög grófar í augum Vesturlandabúa, þá hafa þeir sínar forsendur fyrir þeim. Óréttlætið sem hefur ríkt í Mið-Austurlöndum í gegnum tíðina er gífurlegt og margt af því óréttlæti hefur átt sér stað útaf aðgerðum vestrænna ríkja í þessum löndum. Það kemur oft fram í yfirlýsingum Bin Laden að hann vill bæta aðstæður fyrir sitt fólk. Hann er mikill baráttumaður og helgar líf sitt baráttunni fyrir betra lífi múslima. Þótt aðferðir hans séu óréttlætanagerlegar að mínu mati þá hefur skilningur minn aukist á forsendum hans. Það sem mér þó þótti merkilegast var að skoða fyrirmyndarríkið sem Bin Laden sér fyrir sér. Hann talar mikið um að vilja frelsa múslima undan margra ára kúgun og þjáningum og sér fyrir sér islamskt ríki sem hann vill stofna með Kóraninn að leiðarljósi, og þannig vill hann bæta líf allra múslima. Hann vill losna við öll áhrif Bandaríkjanna og annara vestrænna ríkja í Mið-Austurlöndum og stofna islamskt ríki þar sem allir múslimar geta sameinast og lifað eftir lögum Kóransins. Það sem ég vildi varpa ljósi á í þessu verkefni er hvort fyrirmyndarríki Bin Laden sé eins réttlátt og hann vill vera láta. Í því sambandi var sjónum sérstaklega beint að frelsi og réttindum kvenna, annars vegar almennt innan islam og hins vegar í hugmyndum Al Qaeda samtakanna. Ég hóf þessa ritgerðarsmið með þessa staðhæfingu: „Al Qaeda samtökin hafa ákveðna samfélagssýn sem þeir telja að byggist á

réttlæti. En þegar betur er gáð að stöðu kvenna innan fyrirmyndarríkis Bin Laden er ljóst að þetta samfélag leitast ekki við að ná fram réttlæti fyrir alla þegna þess. Þvert á móti, tryggir það áfram karlaveldis-hugmyndir Kóransins.“ Eftir þennan leiðangur minn við smíð þessarar ritgerðar get ég betur skilið ýmislegt af því sem Bin Laden sér fyrir sér varðandi fyrirmyndaríkið. En ég get ekki sagt að það verði réttlátt fyrir alla, því helmingurinn af múslimum eru konur. Þrátt fyrir að í Kóraninum megi finna ýmislegt jákvætt um stöðu kvenna þá er það ekki nóg til að vega upp á móti því sem Kóraninn boðar sem skerðir réttindi kvenna. Þegar við bætist sú túlkun sharia laganna sem íslamistar aðhyllast má ætla að ríki sem byggir allt stjórnarfar og réttarfar á þeim lögum geti aldrei orðið réttlátt ríki með tilliti til kvenna. Þessu til stuðnings má benda á hvernig staða kvenna breyttist í Íran við byltinguna 1979 þegar sharia lögin voru gerð að grundvelli laga og réttarfars í því landi. Af þessu má draga þá ályktun fyrirmyndarríki Bin Laden mun þá aðeins stuðla að frelsi og réttindum fyrir um helming múslima, það er að segja karla, og það getur varla talist réttlátt.

## Heimildaskrá

- Assadi, D og Lorünser, B. (2007). *Strategic management analysis of al Qaeda*. The role of worldwide organization for a worldwide strategy. Sótt 20. Apríl 2010 af:  
<http://proquest.umi.com/pqdweb?index=1&did=1557630091&SrchMode=1&sid=2&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1271887124&clientId=58032>
- Bergen, P. (2006). *What Osama wants*. Sótt 14.apríl 2010 af:  
<http://proquest.umi.com/pqdweb?index=9&did=1151325321&SrchMode=1&sid=1&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1271793732&clientId=58032>
- Butko, T. (2009). *Religion and the "New Terrorism"*: Building the Perfect Beast. Sótt 12.apríl 2010 af:  
<http://proquest.umi.com/pqdweb?index=1&did=1833838151&SrchMode=1&sid=2&Fmt=6&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1272157678&clientId=58032>
- Cole, J. (2004). *Bin Laden's vision becoming reality*. Sótt 17.apríl 2010 af:  
<http://www.antiwar.com/cole/?articleid=3560>
- Esposito, J., Fashing, D., og Lewis, T. (2006). *World religions today*. Oxford University press: NewYork.
- Frayar, L., Amer, P., Hadid, D., og Karam, Z. (2008). *Women fight for right to join Al Qaeda*. Sótt 29.mars 2010 af:  
[http://www.cbsnews.com/stories/2008/05/31/world/main4142514.shtml?source=RSSattr=HOME\\_4142514](http://www.cbsnews.com/stories/2008/05/31/world/main4142514.shtml?source=RSSattr=HOME_4142514)
- Fuller, G. (2004). *The future of political Islam*. Palgrave Macmillan: New York.
- Gerges, F. (2006). *Journey of the jihadist. Inside muslim militancy*. Harcourt books: Orlando.
- Gunaratna, R. (2005). *Al Qaeda's ideology*. Sótt 28.mars af:  
<http://www.currenttrends.org/research/detail/al-qaedas-ideology>
- Hayes, L., Brunner, B., og Rowen, B. (2007). *Al-Qaeda. Osama bin Laden's Network of Terror*. Sótt 29.mars 2010 af: <http://www.infoplease.com/spot/al-qaeda-terrorism.html>
- Helga Sverrisdóttir og Ulrika Andersson, (2002). *Hvernig er þjóðfélagsástandið í Sáði-Arabíu?*. Sótt 12.mars 2010 af: <http://www.visindavefur.hi.is/svar.asp?id=2356>
- Hassan, I. (2007). *Al Qaeda-linked web sites number 5,600: researcher*. Sótt 14.apríl 2010 af:  
<http://www.reuters.com/article/idUSL0488465620071204>
- Juergensmeyer, M. (2003). *Terror in the mind of god*. The global rise of religious violence. University of California Press: Los Angeles.
- Kepel, G. (2008). *Jihad. The trail of political Islam*. I.B.Tauris: London.

- Kian, A.,(1997). *Women and politics in the post-Islamist Iran*: The gender conscious drive to change. Sótt 19.apríl 2010 af:  
<http://proquest.umi.com/pqdweb?index=9&did=23991945&SrchMode=1&sid=7&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1271974944&clientId=58032>
- Lawrence, B. (2005). *Messages to the world: The statements of Osama Bin Laden*. Verso: London, New York
- Magnús Þorkell Bernharðsson (2003). *Hussein er ekki Írak og Írak ekki Hussein*. Sótt 24.mars 2010 af: <http://www.ogmundur.is/frjalsir-pennar/nr/1071/>
- Mandaville, P. (2007). *Global political Islam*. Routledge: New York
- Molloy, M. (2005). *Experiencing the world's religions: Tradition, Challenge, and Change*. 3. útgáfa. New York: Mc Graw Hill, Higher Education.
- World religions curriculum development center (1978). *The Islamic Tradition*. Illinois: Argus Communications.



